

4564946



SÚDAVIKURHREPPUR

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10.7.2
Innk.	18. MAR. 2010
Abm.	H6 [rsk.]
SLR	09090237

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Hinnrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Súðavík, 5. mars 2010
1002002 ÓMJ

Efni: Úthlutun byggðakvóta 2009/2010

Vísað er í bréf dagsett 31. janúar 2010 þar sem tilkynnt er að Súðavíkurhreppi hafi verið úthlutað 150 þorskígildistönnum fyrir fiskveiðiárið 2009/2010. Jafnframt er vísað í reglugerð nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2009/2010.

Á 54. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 4. mars sl. lagði sveitarstjóri fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt samhljóða.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2009/2010 óskar Súðavíkurhreppur eftir samþykki Sjávarútvegsráðuneytisins á eftirfarandi tillögu að breytingu á ofangreindri reglugerð 82/2010 vegna sérstakra skilyrða.

Breyting á 1. gr. reglugerðar 82/2010, a lið þannig að þar komi: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2.tl. 3. mgr. 6.gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Súðavíkurhrepps

Ómar Mírsson
- sveitarstjóri -